

1871.

27. júní.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun fyrir jarðabætur á Möðruvöllum.

Með bræfi 27. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem fyrrum amtmaður yfir norður- og austurumdæminu Havstein sækir um, að sèr verði borgaðir 250 rd. sem endurgjald fyrir engjabætur á jörðunni Möðruvöllum, sem hann hefir látið gjöra á seinni árum, og hefir amtið, með því skoðunargjörð, sem fram hefir farið, og tvö vitnisburðarskjöl manna, sem þekkt hafa jörðina áður, virðast sanna, að jarðabætur þessar hafi verið mjög gagnsamar, og vegna þess þær hafa verið gjörðar í þeirri von, að sá styrkur úr umboðssjóði Möðruvalla klausturs, sem veittur var með bræfi stjórnarráðsins 1. júlí 1864 til þess að skera fram og rækta mýri nokkra, sem heyrir jörðunni til, fengist einnig til annara jafn-gagnlegra fyrirtækja, stungið uppá, að tæð upphæð, eða að minnsta kosti 200 rd., sem skoðunarmennirnir hafa metið kostnaðinn, verði endurgoldnir amtmanni Havstein af tæðum sjóði.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið í þessu skyni veitir sækjanda 200 rd., sem má borga af tekjum umboðsins og skal jafnframt skirskotað til þessa bréfs.

28. júní.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til vegabóta úr hjalparsjóði.

Í bræfi 21. apríl þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að 1390 rd. þurfi til mikilvægra vegabóta á þjóðveginum í Rangárvallasýslu, sem þér hafið skýrt frá og eigi verður hjá komizt á þessu ári, en af þessari upphæð geti sýslan aðeins galdið 340 rd., og hafið þér því lofað sýslunni tillagi úr vegasjóði amtsins, sem samsvari $\frac{1}{3}$ parti af því vegagjaldi, sem heimtað verður saman á árunum 1872 og 1873, eða hær um bil

1871.

28. júní.

500—550 rd. fyrir hvort ár. Það þér samt sem áður álitid það mjög æskilegt, að þessi útgjöld verði borguð þegar á þessu ári, með því kostnaðurinn þá ef til vill yrði töluvert minni, en þessu verður eigi komið við nema með því að taka lán handa amtsvegasjóðnum, hafið þér stungið uppá, að yður verði veitt heimild til, að taka til láns allt að 1000 rd. fyrir hönd amtsvegasjóðsins, til þess að þessum vegabótum verði komið fram, með þeim kjörum, að goldnir verði 4 rd. af hverju 100 í vöxtu á ári, og helmingurinn af láninu borgaður aptur fyrir árslok 1872, og hinn helmingurinn fyrir árslok 1873, og hafið þér jafnframt farið þess á leit, að fá lánið af hjálparsjóði þeim, sem stofnaður er samkvæmt 10. gr. í fjárhagsáætlun Íslands fyrir reikningsárið 1871—72, ef þér ekki getið fengið það hjá öðrum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og má borga yður, ef þar að kemur, allt að 1000 rd. úr jarðabókarsjóðnum af því fæ, sem nefnt er í tæðri gr. fjárhagsáætlunarinnar, með þeim kjörum, sem getið er, og væntum ver, ef svo ber undir, að fá skýrslu frá yður um þetta.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir nördur- og austurumdæminu, um aðgjörð á Flat- eyjar kirkju.

28. júní.

Með bréfi 12. desbr. f. á. hefir amtið sent hingað eptirrit, útlagt á dönsku, af visitaziugjörð, sem hlutaðeigandi prófastur hefir haldið 25. ágúst f. á. yfir Flateyjarkirkju, og jafnframt stungið upp á, að verja megí allt að 50 rd. til að ráða bót á því, sem prófasti þótti á vanta, þá er hann visiteraði kirkjuna, og til þess að útvega þá hluti til kirkjunnar, sem mest er þörf á, og að taka megí til þessa fæ það, sem kirkjan á nú í peningum eða kann að eignast; samkvæmt kirkjureikningnum, sem fylgdi, átti hún í fyrra í fardögum 40 rd. 12 sk. í sjóði, en nú mun það vera orðið 46 rd.